



SUMMA

Stefna Summu Rekstrarfélags hf. um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum

Samþykkt af: Stjórn Summu Rekstrarfélags hf.

Samþykkt: 20. júní 2024

Almenn ákvæði

Stefna þessi er sett á grundvelli laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, sbr. reglugerð nr. 555/2020, og laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, eftir því sem við á.

Markmið stefnu þessarar er að ákvarða hvernig greina á hagsmunaárekstra í starfsemi Summu Rekstrarfélags hf. (hér eftir nefnt „Summa“), fylgjast með þeim og draga úr líkunum á því að þeir komi upp. Jafnframt er markmiðið að tryggja trúverðugleika í viðskiptum Summu og viðskiptavina félagsins og koma í veg fyrir að hlutleysi starfsmanna verði dregið í efa við meðferð og afgreiðslu einstakra mála.

Gildissvið og skilgreiningar

Stefna þessi gildir um stjórn og alla starfsmenn Summu. Þá tekur hún mið af starfsemi aðila sem tengjast Summu, einkum gegnum samstæðutengsl.

Stefna þessi tekur til núverandi viðskiptavina Summu sem og fyrrverandi viðskiptavina þar sem trúnaðarskyldur eða aðrar skyldur gilda enn milli aðila.

Með hugtakinu hagsmunaárekstrum er í stefnu þessari vísað til aðstæðna sem geta komið upp þegar Summa þjónar hagsmunum tveggja eða fleiri aðila og er í aðstöðu til þess að koma einum aðila í betri stöðu á kostnað annars. Þá getur komið til þess að hagsmunir Summu, stjórnar eða starfsmanna, fari ekki saman.

Hagsmunaárekstrar geta helst komið upp á milli:

- tveggja viðskiptavina Summu,
- mismunandi sjóða í rekstri Summu,
- Summu og viðskiptavina eða sjóða í rekstri Summu,
- starfsmanna Summu og viðskiptavina eða sjóða í rekstri Summu,
- starfsmanna Summu og Summu,
- viðskiptavina Summu og viðskiptavina aðila sem tengdir eru Summu, eftir atvikum gegnum samstæðutengsl.

Greining hagsmunaárekstra

Summa hefur skilgreint aðstæður og atvik sem þar sem hagsmunaárekstrar geta meðal annars komið upp. Uppfæra skal neðangreint reglulega eftir því sem tilefni er til.

Eftirfarandi eru dæmi um tilvik þar sem mögulega er hættá á að til hagsmunaárekstra geti komið í starfsemi Summu:

- ef Summa er fjármálaráðgjafi fyrirtækis og/eða á viðskipti með fjármálagerninga sama fyrirtækis, kemur fram fyrir hönd fyrirtækisins eða ráðleggur fyrirtækinu um samruna eða yfirtöku,



SUMMA

- ef Summa ráðleggur viðskiptavinum að kaupa fjármálagerninga annars viðskiptavinar Summu eða eigin fjármálagerninga Summu,
- ef starfsmaður Summu á viðskipti fyrir eigin reikning í tengslum við fjármálagerninga og viðskiptavinur Summu hefur hagsmuna að gæta sem hugsanlega stangast á við slík viðskipti,
- ef Summa kemur að fjármögnun fyrir viðskiptavin og hyggst ráðleggja öðru fyrirtæki sem vill afla sér viðskipta við sama viðskiptavin,
- ef Summa býr yfir upplýsingum um fjárhagsstöðu viðskiptavinar og Summa losar/eykur eignastöðu í fjármálagerningum útgefnum af viðskiptamanninum,
- ef Summa hefur veitt einum viðskiptavini fjármálaráðgjöf og í kjölfarið, þegar tilboð berst til viðskiptavinarins, leitast einnig við að þjóna tilboðsgjafa,
- ef Summa veitir viðskiptavini ráðgjöf í tengslum við útgáfu fjármálagerninga og veitir öðrum viðskiptavinum ráðgjöf um kosti og galla þess að fjárfesta í umræddum fjármálagerningi,
- ef Summa þiggur umtalsverðar gjafir eða afþreyingu, t.d. boðsferðir, sem gæti haft skaðleg áhrif á hagsmuni viðskiptavina Summu,
- ef Summa kaupir fjármálagerninga frá einum viðskiptavini og selur strax til annars viðskiptavinar síns,
- ef Summa leiðir saman viðskipti tveggja viðskiptavina og Summa starfar fyrir hönd þeirra beggja eða annars og
- ef aðili sem er tengdur Summu, eftir atvikum gegnum samstæðutengsl, hefur hagsmuni sem rekast á við hagsmuni Summu eða viðskiptavina félagsins.

Við mat á því hvort hætta sé á hagsmunaárekstrum í starfsemi Summu skal litið til allra aðstæðna í tengslum við viðskiptin, s.s. hvort Summa, starfsmaður þess eða aðili sem beint eða óbeint er tengdur Summu í gegnum yfirráð:

- sé líklegur til að njóta fjárhagslegs ágóða eða forðast fjárhagslegt tap á kostnað viðskiptavinar,
- hafi hagsmuna að gæta af niðurstöðu þjónustu sem viðskiptavinum er veitt og þessir hagsmunir eru aðgreinanlegir frá hagsmunum viðskiptavinar,
- hafi fjárhagslegan eða annars konar hvata til að setja hagsmuni annars viðskiptavinar eða hóps viðskiptavina fram hagsmunum hlutaðeigandi viðskiptavinar,
- stundi sams konar rekstur og viðskiptavinur,
- þiggi eða muni þiggja umbun í tengslum við þjónustu sem veitt er viðskiptavinum í formi peninga, vara eða þjónustu, annarrar en venjubundinna umboðslauna eða þóknana, frá öðrum aðila en viðskiptavininum.

Ráðstafanir til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra

Stjórn og starfsmenn skulu ávallt gæta fyllsta hlutleysis í störfum sínum. Þeir skulu gæta þess að viðskiptavinir Summu njóti jafnræðis um upplýsingar að teknu tilliti til reglna um þagnarskyldu og eðli viðskipta og/eða þjónustu hverju sinni, verð og önnur viðskiptakjör. Meðal þeirra ráðstafana sem Summa viðhefur til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra eru:

Aðskilnaður starfssviða (Kínamúrar):

- Heimilt er að aðskilja starfssvið í starfsemi Summu, að því marki sem starfsemi félagsins gefur tilefni til hverju sinni, sbr. kafla III.1 Reglur um aðskilnað starfssviða o.fl. Með aðskilnaði er átt við að starfssvið eru aðskilin í húsnaði þannig að ekki sé hætta á flæði upplýsinga á milli þeirra við dagleg störf, aðskilin í upplýsingakerfum og fjárhagslegri afkomu og jafnvel útvistað til annarra fjármálafyrirtækja og þriðju aðila



SUMMA

eftir því sem við á. Með því er komið í veg fyrir að starfsmenn einstakra sviða fái, án fyrirhafnar, vitneskju um hvaða verkefnum starfsmenn annarra sviða vinna að hverju sinni og takmarki eftir fremsta megni þannig flæði trúnaðarupplýsinga á milli sviða. Skal nýta slíkan aðskilnað til þess að stefna þessi nái fram að ganga, eftir því sem unnt er og tilefni er til hverju sinni.

Lög, reglur og verkferlar:

- Starfsmönnum ber ávallt að fara að gildandi lögum, reglugerðum, reglum, leiðbeinandi tilmælum og innri reglum Summu í störfum sínum hjá félaginu.
- Starfsmenn skulu haga störfum sínum þannig að trúnaðarupplýsingar berist ekki til annarra en þeirra sem þarfnast þeirra vegna starfa sinna.
- Reglur um eigin viðskipti starfsmanna með fjármálagerninga og gjaldeyri, um þátttöku í atvinnurekstri, umbun, gjafir og boðsferðir eru meðal þeirra innri reglna Summu sem starfsmönnum ber að hlíta og koma eiga í veg fyrir og/eða takmarka hagsmunaárekstra.

Fræðsla til starfsmanna:

- Summa leggur mikla áherslu á að starfsmenn séu vel upplýstir um þær reglur sem gilda um starfsemi félagsins, þ.m.t. breytingar á lögum, reglum og/eða gildandi framkvæmd. Starfsmenn eru hvattir til að sækja námskeið tengd störfum sínum og jafnframt námskeið þar sem öðrum þáttum í rekstri Summu eru gerð skil.

Þóknanir:

- Ekki eru bein tengsl milli þóknana starfsmanna sem starfa innan aðskilinna sviða.

Framangreindar ráðstafanir taka mið af stærð og eðli starfsemi Summu á hverjum tíma ásamt því hversu mikil hætta er á hagsmunaárekstrum.

Meðferð hagsmunaárekstra – auknar ráðstafanir

Telji Summa að þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra nái ekki þeim árangri sem þeim er ætlað mun félagið grípa til frekari ráðstafana, sem geta m.a. falist í:

- að auka aðskilnað starfssviða, þ.m.t. aðgangsstýringu í upplýsingatæknikerfum eða húsnæði, til að draga enn frekar úr flæði upplýsinga,
- að neita að ákveðin viðskipti séu framkvæmd og
- að endurgreiða gjafir/boðsferðir, telji Summa þær ekki samræmast stefnu þessari.

Eftirlit, skráning og upplýsingagjöf

Reglurvörður Summu skal:

- Hafa eftirlit með framkvæmd reglna þessara.
- Gera tillögur til breytinga á reglum þessum.
- Halda utan um og hafa umsjón með skráningu tilvika samkvæmt reglum þessum.

Komi upp hagsmunaárekstrar eða atvik sem kunna vera sérstaklega til þess fallin að valda hagsmunaárekstrum skal Summa skrá og geyma á tölvutæki formi upplýsingar um viðkomandi tilvik. Á þetta við hvort sem tilkynnt er um hagsmunaárekstur til viðskiptavinar eða ekki. Þar skal meðal annars skráð um hvaða viðskiptavin var að ræða, hvaða þjónusta var veitt og til hvaða ráðstafanir Summa greip í því skyni að draga úr hagsmunaárekstrum, þ.m.t. ákvarðanir sem Summa kann að hafa tekið. Sérstaklega skal skrá hvers konar hagsmunaárekstra sem upp koma hjá stjórn Summu, hvort sem um er að ræða einstakling sem sæti á í stjórn eða stjórn Summu í heild sinni.



SUMMA

Telji starfsmaður Summu líkur á hagsmunaárekstri eða að hagsmunaárekstur hafi komið upp sem kann að hafa í sér neikvæð áhrif á hagsmuni viðskiptavinar eða sjóða í rekstri Summu skal viðkomandi starfsmaður tilkynna regluverði um slíkt, sjá upplýsingar í viðauka við þessar reglur um regluvörð félagsins. Í tilkynningunni skal lýsa hagsmunaárekstri eða mögulegum hagsmunaárekstri. Skal regluvörður þá taka afstöðu til þess hvort unnt sé, með viðunandi hætti, að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Skal skrá slíkar ákvarðanir regluvarðarins.

Ef Summa getur ekki með fullnægjandi vissu komið í veg fyrir hagsmunaárekstra sem geta mögulega skaðað hagsmuni viðskiptavina mun Summa, ef unnt er, upplýsa viðkomandi viðskiptavin um eðli og ástæður hagsmunaárekstra, annað hvort skriflega eða í hljóðrituðu símtali, áður en til viðskipta er stofnað. Með þessu er reynt að tryggja að viðskiptavinur geti tekið upplýsta ákvörðun vegna þeirra viðskipta/þjónustu sem hann óskar eftir að teknu tilliti til mögulegra hagsmunaárekstra

Endurskoðun

Stefnu þessa skal endurskoða eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti og uppfæra eftir því sem við á og tilefni er til.

20. júní 2024

Stjórn Summu Rekstrarfélags hf.